

(A. XXI, 1).

Nd.

### 37. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Þ. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem í 3. gr. segir, telst eigi að eins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelagsmönnum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á, að skattskyldar tekjur vatryggingarfjelaga, sem starfa hér á landi, skuli talinn sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna fjelagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur og sett fyriræli um heimild vatryggingarfjelaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vatrygðum.

Loks getur ráðherra sett ákvæði um það, hvenær fjelög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa fengið konungs staðfestingu.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Samkvæmt síðustu málsgr. 3. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um tekju-skatt og eignarskatt, skulu fjelög, sem talað er um í 3. gr., þar á meðal erlend váttryggingarfjelög, greiða skatt af tekjum *öllum*, sem þau hafa af starfsemi sinni hjer á landi. Og samkvæmt þessu hefir hingað til verið lagður skattur á váttryggingarfjelög eftir tekjum þeirra af starfsemi þeirra *hjer á landi*, og án tillits til þess, hvernig starfsemi þeirra *yfir höfuð* hefir gengið. Hefir komið fram óánægja hjá fjelögum þessum vegna þessarar skattalagningar, sem hefir verið óhjákvæmileg vegna tjeðra fyrirmæla 3. gr. skattalaganna. Með brjefti 4. okt. 1922 fóru fulltrúar váttryggjendafjelaga í Khöfn fram á það meðal annars, að islensku skattalögunum yrði breytt í þá átt, sem hjer er stungið upp á. Sendi ráðuneytið brjef þetta með brjefti 25. okt. 1922 skattastjóra Reykjavíkur til umsagnar, og svaraði hann með brjefti 3. nóv. 1922, og fjelst á tilmæli þeirra, Til þessa hafði þó ekkert tillit verið tekið af þáverandi fjármálaráðherra í sambandi við endurskoðun skattalaga nr. 74, 1921, er fram fór fyrir Alþingi 1923. Váttryggingarfjelögin tóku sumarið 1923 málið upp á ný og árangur af því varð sá, að ráðuneytið tók málið aftur til athugunar og tjáði sig, með brjefti 26. júlí 1923, sam-mála tillögum skattstjóra í brjefti hans 3. nóv. 1922. Þess vegna hefir ráðuneytið nú afráðið að leggja frumvarp þetta fyrir Alþingi.

Aðalbreytingin er sú, að nú skal skattur teljast eftir hlutfallinu milli brutto iðgjaldatekna af starfseminni hjer á landi og brutto iðgjaldatekna af *allri* starfsemi fjelagsins. Ef skattskyldar nettotekjur af starfsemi hjer eru t. d. 5000 kr. nú, þá telst nú skattur af þeirri upphæð. En eftir reglu frv. fer þetta ekki eftir þeirri upphæð, heldur eftir hlutfallinu milli brutto iðgjaldatekna hjer og *allra* iðgjaldateknanna. Ef fjelag hefir t. d. 1925 alls brutto

iðgjaldstekjur ..... kr. 1000000,00  
og af starfsemi á Íslandi ..... — 100000,00  
og heildarágóði skattskyldur..... — 200000,00

þá ætti fjelagið hjer að svara skatti af kr. 20000,00 og verður það þannig fundið:

$$\frac{20000}{x} = \frac{100000}{100000}$$

$$x = \frac{20000 \cdot 100000}{100000} = 20000$$

Þessi álagningarregla er nú tíðkuð sumstaðar erlendis, og þykir hentug. Þótt tap verði á einum stað, þá svarar fjelag þar skatti, ef ágóði verður í heild sinni. Ríkissjóður mun að líkindum ekki tapa á þessari aðferð. Líklegt, að út-

koman verði svipuð, þegar til lengdar lætur. En um þetta verður þó ekki fullyrt neitt áreiðanlegt. Skilyrði er auðvitað, að fjelögin telji fram og sendi reikninga sína, því að ella verður að áætla þeim skatt.

Fyrirsvarsmenn fjelaga þessara hafa og farið fram á, að frestur til framtals verði lengdur fyrir þau til júliloka, því að fyrr geti þau ekki haft reikninga sína til, og því er stungið upp á heimild handa ráðherra til að setja ákvæði um þann frest. Og til þess að girða fyrir vafa um heimild ráðherra til að setja reglur um frádrátt vegna »Skades og Præmiereserve« svonefnds, er loks sett ákvæði i frumvarpið.